



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um fjölda stuðningsfulltrúa

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 6. febrúar 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands:

Hvað þarf marga stuðningsfulltrúa inn í grunnskóla Reykjavíkurborgar til að mæta þeirri þörf sem nú er uppi? Hversu margir stuðningsfulltrúar sinna nú þeim störfum?

Svar:

Í mars 2023 voru 369 stuðningsfulltrúar að störfum í grunnskólum Reykjavíkurborgar í 254 stöðugildum.

Endanleg stuðningsþörf liggur ekki fyrir þar sem skólarnir fá fyrst úthlutað fyrir sérkennslu, stuðningsfulltrúa í 1. bekk, fjármagn tengt félagslegu umhverfi skólans (LOI) og stöðu sérfræðings annars en kennara og síðan tekur við sértækur stuðningur sem stuðningsfulltrúar oft á tíðum sinna þar sem þessum almennu stuðningsúrræðum sleppir. Þá veita sérfræðingar á miðstöð margvíslega ráðgjöf og stuðning til að mæta stuðningsþörfum barna.